Umsjón: Sigurveig Jónsdóttir

Listgrein eða framleiðsla?

„Leirkerasmiðir eiga mjög erfitt uppdráttar á Íslandi enn sem komið er. Fólk lítur fyrst og fremst á notagildi keramikhluta og því er ekki hægt að lifa á framleiðslu þeirra nema því aðeins að fara þá út í fjöldaframleiðslu," sagði Kolbrún Björgólfsdóttir í samtali við Vísi.

Kolbrún opnar á laugardaginn sýningu á keramik í sýningarskápum í kaffistofu Kjarvalsstaða. Hún nam við Myndlista- og handíðaskólann á árunum 1969-73 og stundaði síðan framhaldsnám í Kunsthandværker og Kunstindustriskolen í Kaupmannahöfn 1973-1975. Hún kennir nú við keramikdeild Myndlista- og handíðaskólans.

Kolbrún sagðist búa til bæði hreina og beina notahluti. s.s. skálasett, lokkrúsir af mörgum stærðum og einnig skálar og diska sem hafa notagildi en eru þó hugsuð sem sjálfstæð myndverk.

Þá sagðist hún sýna tilraunir með glerjung og hugmyndir að skreytingum á blautan, þurran og brenndan leir. Á sýningunni eru fjórar litlar skálar sem notuð var japönsk brennslutækni við og ennfremur sýnir Kolbrún diska með lituðum leir, þ.e. postulínsleir sem litaður er með málmoxýð efnablöndu.




Kolbrún Björgólfsdóttir við nokkur verka sinna. Ljósm. JA

ELDGOS Í OLÍU

„Þessar myndir eru allar málaðar í Vestmannaeyjum eftir að gosinu lauk og standa allar í sambandi við gosið," sagði Guðni Hermansen listmálari þegar hann sýndi blaðamanni Vísis sýningu þá sem hann opnar að Kjarvalsstöðum á laugardaginn.

Guðni sagðist eingöngu mála olíumyndir, en ekki vildi hann tjá sig um það í hvaða stíl þær væru gerðar. Þetta er 15. einkasýning hans, en áður hefur hann sýnt þrisvar í Reykjavík, auk þess sem hann hefur tekið þátt í tveimur samsyningum. Síðast sýndi Guðni í Norræna húsinu árið 1973.

Guðni sagði að myndirnar á sýningunni væru málaðar á síðustu þremur árum. Þó er aðeins ein þeirra máluð á fastalandinu og er hún frá Hellu, en þar bjó Guðni á meðan á eldgosinu í Eyjum stóð. Sagðist hann helst hvergi getað málað nema í Eyjum, en síðan hann fluttist þangað aftur hefur hann eingöngu starfað við myndlist.



Guðni Hermansen við nokkur verka sinna.

GRÆNLANDSMYNDIR Á MOKKA



Fyrir skömmu kom út bókin „Grænlandsdægur" eftir Ása í Bæ. Í bók þessari eru margar mjög athyglisverðar myndir, sem gerðar eru af Tryggva Ólafssyni listmálara. Myndir þessar eru nú til sýnis í Mokkakaffi við Skólavörðustíg og verða þar a.m.k. næstu tíu daga.

Tryggvi Ólafsson hefur verið búsettur í Danmörku undanfarin ár og hefur unnið þar að list sinni með góðum árangri. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar á verkum sínum hér heima og erlendis, og auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga.

Myndirnar sem hann sýnir nú á Mokka-kaffi eru eins og fyrr segir allar í bók Ása í Bæ. Gerði Tryggvi þær að eigin ósk eftir að hafa kynnst efni bókarinnar. Nú gefst listaunnendum gott tæki-



færi til að sjá þær í Mokka-kaffi og einnig í bók Ása í Bæ. Myndin hér fyrir ofan er af einni þeirra, en þessi til hliðar af listamanninum sjálfum, og er hún gerð af Ragnari Lár. —klp—



og blekteikningar og höggmyndir í austursal. Í vestursal verða opnaðar sýningar á verkum Kolbrúnar Björgólfsdóttur, Magnúsar Kjartanssonar og Guðna Hermannssonar á laugardag.

Listasafn Íslands: Yfirlitssýning á verkum Finns Jónssonar. Sýningin er opin kl. 1:30-22 daglega.

Norræna húsið: Sýning á verkum norska listmálarans Victor Sparre. Opin til 7. nóv. kl. 14:00-22:00, daglega.

Loftið: Í dag, föstudag, lýkur sýningu á vatnslitamyndum og skriftgrafík eftir Torfa Jónsson. Sýningin er opin til kl. 18:00.

Mokka: Sýning á teikningum Tryggva Ólafssonar við bók Ása í Bæ, „Grænlandsdægur".

Stúdentakjallarinn: Ríkharður Jóhannsson Valtingojer sýnir teikningar og grafík. Sýningin er opin mánud. til fimmtud. kl. 10:30-22:30, föstud. 10:30-20:00 og laugard. og sunnud. 14:00-23:30.

Leikhúsin:

Þjóðleikhúsið sýnir Sólarferð föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld kl. 20:00. Litli prinsinn verður sýndur á sunnudag kl. 15.

Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir Æskuvini eftir Svövu Jakobsdóttur í kvöld kl. 20:30. Önnur sýning verður á sunnudagskvöld. Á laugardag verða Skjaldhamrar sýndir í 100. sinn kl. 20:30.

Leikfélag Kópavogs: Glataðir snillingar verða sýndir á sunnudagskvöld kl. 20:30.

Leikfélag Akureyrar: sýnir Karlinn í kassanum á föstudags- og sunnudagskvöld kl. 20:30.

Sýningar:


Kjarvalsstaðir: Magnús Á. Árnason sýnir málverk, kaffi-

Gamalt vín á nýjum belgjum

„Þetta eru mestallt myndir sem ég hef sýnt áður, en nú er ég búinn að mála yfir þær," sagði Magnús Kjartansson í samtali við Vísi.

Magnús mun opna á laugardaginn kl. 15 sýningu á 70 málverkum og eru þau öll gerð eftir að hann lauk námi. Þetta er fyrsta einkasýning Magnúsar en hann hefur áður tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Magnús Kjartansson hefur vakið athygli fyrir SS myndir sínar. Aðspurður sagðist hann hafa valið þetta merki sem tákn allra auglýsinga og hefði það verið valið vegna þess að það er að hans áliti sterkasta vörumerkið. Ekki vildi hann viðurkenna að hann væri með þessu að auglýsa merkið, eða eins og hann sagði: „Merkin snúa öll öfug hjá mér, og enginn auglýsir þannig."



Magnús Kjartansson stendur hér hjá mynd sem hann nefnir „Geirfinnur fundinn".— Ljósm. JA